



# Sumarstarf ÍTH

*Starfsskýrsla – sumarið 2012 fyrir ÍTH nefnd*

---

Axel Guðmundsson, Geir Bjarnason  
og Ragna Rut Magnúsdóttir tóku saman

Október 2012



## Inngangur

Meginþorri sumarstarfs Hafnarfjarðarbæjar er rekið af hendi Vinnuskólans. Starfsemin er afar fjölbreytt. Vinnuskólinn er fyrir 14 – 16 ára unglunga, sumarvinna fyrir eldri ungmenni, skólagarðar fyrir börn á aldrinum 8-12 ára, Tímstund fyrir 6. og 7. bekk, sumarvinna fyrir ungmenni 17 ára og eldri sem vinna t.d. hjá íþróttafélögum og stofnunum bæjarins auk leikjanámskeiða fyrir börn 6 – 12 ára. Einnig er Garðyrkjustjórnin í Hafnarfirði með öflugt sumarstarf en hann sér um að ráða fólk til starfa við sláttur-, blóma- og viðhaldsflokka.

Á fjárhagsáætlun ársins var gert ráð fyrir svipuðum fjármunum til rekstrarins eða um 155.534.000. Af því er áætlað að kostnaður sé 100.000.000 vegna launa leiðbeinanda og 26.500.000 vegna launa nemenda. Þá eru um 29.000.000 áætlaðar til annars rekstrarkostnaðar sem er þá leiga á búnaði, kaup á verkfærum og öðru sem til fellur vegna starfseminnar.

Vinnuskóli Hafnarfjarðar var starfræktur á tímabilinu 11. júní - 20. júlí þetta árið en leikjanámskeið og skólagarðar frá skólalokum til skólabyrjunar.

Skrifstofa Vinnuskóla og sumarstarfanna er að Hrauntungu 5. Þar starfa skólastjóri auk 6 annarra starfsmanna sem sjá um daglegan rekstur, samskipti við leiðbeinendur, unglunga í Vinnuskóla, starfsmenn, foreldra og börn á leikjanámskeiðum og börn í skólagörðum og foreldra þeirra. Í höfuðstöðvunum að Hrauntungu er aðstaða fyrir starfsmenn til að snæðast og sinna skrifstofuvinnu auk þess eru þar verkfærageymslur. Leikjanámskeið og Tímstund hafa svo aðsetur út í skólunum með mis mikilli aðstöðu.

## Ráðningar og undirbúningur starfsfólks

Störf yfirleiðbeinenda, leiðbeinenda og aðstoðarfólks við Vinnuskóla og önnur sumarstörf voru auglýst samhliða öðrum sumarstörfum hjá bænum og opnað var fyrir umsóknir þann 12. mars.

Umsóknarfrestur var til 4. apríl og skilyrði fyrir ráðningu var að umsækjandi væri búsettur í Hafnarfirði. Eftir 4. apríl hófst vinna við úrvinnslu umsókna. Kröfur voru gerðar varðandi aldur og hæfni sem starfsfólk þyrfti að uppfylla. Flestir starfsmenn hófu síðan störf í byrjun júnímánaðar. Fyrsta vikan er einkum notuð í undirbúning og fræðslu fyrir starfsfólk. Meðal þess sem tekið var fyrir var skyndihjálpar, umhverfis- og forvarnafræðsla, samskipti við börn og unglinga, verkstjórn fyrir unga stjórnendur, verkleg kennsla, hópefli, líkamsbeiting o.fl. Mikil áhersla er lögð á að starfsfólk mæti á námskeiðin enda eru þau hluti af starfinu. Eldri og reyndari starfsmenn sækja námskeiðin með reglulegu millibili svo að tryggt sé að þekking og færni séu sem best. 1095 sumarstarfsmenn voru við störf hjá Vinnuskólanum og skólagörðunum, þar af unnu 2 á skrifstofunni. Þrír starfsmenn sinntu stöðu yfirleiðbeinenda. Við Skólagarðanna störfuðu 4 garðstjórar og 4 aðstoðarleiðbeinendur.

## Umsóknarferli unglinga

Tekið var við umsóknum í maí. Eftir þann tíma var þó áfram tekið við skráningu í Vinnuskólann og hófu þeir sem skráðu sig eftir auglýstan umsóknarfrest störf nokkrum dögum síðar en þeir sem sóttu um á réttum tíma. Ekki hefur tíðkast að vísa unglingum frá Vinnuskóla þó svo að komið sé fram yfir umsóknarfrest.

Heildarfjöldi unglinga sem fæddir eru á árabílinu 1996-1998 og voru í námi við grunnskóla Hafnarfjarðar var 1134. Alls sóttu 836 unglingar um starf hjá Vinnuskólanum. Hlutfall nemenda sem vann hjá Vinnuskólanum var nokkuð svipað eftir aldri eða frá 68% - 80%.

## Hlutfall og fjöldi unglinga og annarra starfsmanna

Unglingum við störf í Vinnuskólanum fjölgaði nokkuð á milli ára. Sumarið 2011 voru 815 unglingar að störfum en í ár voru þeir 836 eins og áður segir. Fjölgunin er um það bil 2,5%.

**Tafla 1 – Fjöldi unglinga í Vinnuskóla Hafnarfjarðar sumarið 2012**

Árgangur	Fjöldi	Í skólum Hafnarfjarðar
1998	293	403
1997	304	382
1996	239	349
	<b>836</b>	<b>1134</b>

**Tafla 2 – Hlutfall nemenda í Vinnuskóla Hafnarfjarðar sumarið 2012**

	Allir	Ung í VH	Hlutfall (%) unglunga
8. bekkur	403	293	0,73
9. bekkur	382	304	0,80
10. bekkur	349	239	0,68

**Tafla 3 - Fjöldi eldri starfsmanna úr mismunandi aldurshópum**

Árgangur	Fjöldi
1995	49
1994	35
1993	34
1992	36
1991+	100
	<b>254</b>

## Hlutfall drengja og stúlkna

Heldur fleiri drengir en stúlkur voru við störf hjá Vinnuskólanum sumarið 2012. Drengjum við störf í Vinnuskólanum hefur fjölgað nokkuð hlutfallslega undanfarin ár. Af þessu má draga þá ályktun að stúlkur eiga auðveldara með að fá launaða sumarvinnu annars staðar en hjá Vinnuskólanum.

**Tafla 4 – Hlutfall stúlkna og drengja í Vinnuskóla**

Bekkur	Stelpur	Strákar
8. bekkur	49%	51%
9. bekkur	47%	53%
10. bekkur	48%	52%

## Helstu verkefni

Verkefni sumarsins voru fjölmörg eins og fyrri ár. Meginþorri ungmenna starfar í hefðbundnum vinnuhópum sem vinna m.a. við að þrifa bæinn og hirða opin svæði eins og Víðistaðatún.

**Tafla 5 - Helstu verkefni unglunga 2012**

Unglinga eftir hópum	
Vinnuhópar	446
Leikjan./Tómstund	21
Skólagarðar	3
Rólóvellir	6
Listahópur	20
FH	69
Haukar	46
Keilir	20
Bjarkir	21
Sörli	15
Leikskólar	68
Skátar	21
Þytur	23
Sundfélagið	12
Morgunhópur	31
Skógrækt	14
<b>Samtals</b>	<b>836</b>

**Tafla 6 – Skipting flokkstjóra og leiðbeinenda eftir starfsstöðvum**

Vinnuhópar	Flokkstjórar	17-20 ára	
Vinnuhópar/Leikjan	41	34	
Skólagarðar	4	8	
Róló	1	3	
FH Frjálsar	3	1	
FH	4	14	
Haukar	7	15	
Keilir	1	5	
Bjarkir	4	2	
Sérhópur	9	20	unnu aðeins hálfan daginn
Sörli	2	4	
Skátar	2	7	

Þytur	2	4	
Sundfélag	2	3	
Bókasafnið	4		
Skógrækt	2	7	
Annað	7	16	
Kaldársel	4		
Golf Setberg		2	
Byggðasafn	1	8	
Nordjobb	1		
	101	153	
<b>Samtals</b>	<b>254</b>		

## Vinnustundir og laun unglunga

Sá tími sem unglungum í Vinnuskóla býðst að vinna hefur staðið í stað milli síðustu tveggja ára. Mismunandi er á milli sveitarfélaga hvernig þessu er háttað en eins og í Reykjavík þá hefur 8. bekkurinn þar misst tækifæri til að vinna í Vinnuskóla. Hinsvegar eru unglingarnir að taka sér frí og því vinnur meðalunglingurinn ekki allan þann tíma sem honum stendur til boða. Laun hafa hækkað í Hafnarfirði milli ára rétt eins og almenn laun.

### Mynd 7 – Unnar vinnustundir og tekjumöguleikar unglunga árin 2011 og 2012

Unnar vinnustundir á árinu 2011	Heildartímafjöldi	Laun
16 ára	93,32	105 488,01
15 ára	82,63	105 367,07
14 ára	53,55	72 325,69
Unnar vinnustundir á árinu 2012	Heildartímafjöldi	Laun
16 ára	88,52	105 512,41
15 ára	84,73	105 385,43
14 ára	60,34	72 341,08

Skipulagi vinnunnar var þannig háttað að 15 og 16 ára unglingar unnu aðra hverja viku fyrir hádegi og hina eftir hádegi, mánudaga til föstudaga. Fyrir hádegi var unnið frá 8:00 – 12:00 og eftir hádegi frá 13:00 – 16:00. Vinnustundir á viku voru því 20 aðra vikuna og 15 hina vikuna.

14 ára unglingar unnu aðra hverja viku fyrir hádegi og hina eftir hádegi frá mánudegi til fimmtudags. Ekki unnu 14 ára á föstudögum. Fyrir hádegi var unnið frá 9:00 – 12:00 og eftir hádegi frá 13:00 – 16:00. Vinnustundir á viku voru því 12. Samtals störfuðu 14-16 ára ungmenni í 6 vikur.

Nokkuð stór hluti af elstu árgöngunum störfuðu hjá þriðja aðila (íþróttafélögum og stofnunum eins og t.d. leikskólum) og í þeim tilfellum var daglegur vinnutími oft annar en þess gætt að heildarfjöldi vinnustunda færi aldrei yfir 105 klukkustundir hjá 15 og 16 ára og 72 klukkustundum hjá 14 ára auk þess var tryggt að verkefni og daglegur vinnutími væri í samræmi við lög og reglur um vinnu barna og unglunga. Nestishlé (kaffitímar) í Vinnuskólanum voru á milli 9:30 og 9:45 fyrir hádegi og 14:00 og 14:15 eftir hádegi.

Laun í vinnuskólum í nágrennasveitarfélögum eru mjög svipuð og hér í Hafnarfirði en sveitarfélög ákveða einhliða tímakaup unglunga. Almennt er tímakaup svipað en nokkuð getur munað í framboði á vinnu eftir sveitarfélögum. Það hefur síðan áhrif á tekjumöguleika unglunga.

## Tekjumöguleikar unglunga í Vinnuskóla Hafnarfjarðar 2012

Laun unglunga hækkuðu frá því í fyrra en höfðu áður staðið í stað frá árinu 2008. Á sama tímabili hefur eins og áður segir mögulegur hámarks vinnustundafjöldi lækkað nokkuð sem gerir það að verkum að tekjumöguleikar unglunga hafa dregist saman.

16 ára unglingar voru með 512,41 kr. á tímann og orlof þar ofan á. Miðað við fulla mætingu þá getur hann unnið sér inn tæplega 60.000 kr.

15 ára unglingar voru með 385,43 kr. á tímann og orlof þar ofan á. Miðað við fulla mætingu þá getur hann unnið sér inn tæplega 45.000 kr.

14 ára unglingar voru með 341,98 kr. á tímann og orlof þar ofan á. Miðað við fulla mætingu þá getur hann unnið sér inn um 27.000 kr.

## Skólagarðar Hafnarfjarðar

Skólagarðarnir eru á fjórum stöðum í bænum Víðistaðatúni, Setbergi, Öldutúni og á Holtinu. Starfsemi skólagarðana byrjaði 4. júní og var uppskerudagurinn 10. ágúst. Uppskerudagurinn mætti þó alveg vera tveimur vikum seinna því að kartöflurnar hefðu mátt fá aðeins lengri tíma. Ástæðan fyrir því af hverju uppskerudagurinn er fyrr á ferðinni er sú að það eru svo fáir starfsmenn eftir á þessum tíma. Vinnustundum hefur verið fækkað og fá flokkstjórar aðeins sjö vinnuvikur. Kálflugan var mun seinni á ferðinni en vanalega og urðum við fyrst var við hana í lok júní og var þá strax eittrað fyrir henni og svo

aftur tveimur vikum síðar og gekk það vel. Lagt er til að á næsta ári ætti einnig að prufa að vera með lífrænan áburð samhliða eitruninni.

Ekki náðist að selja öll laus pláss. Í sambandi við að fjölga iðkendum skólagarðanna þá má auglýsa þá betur en hefur verið gert að undanfögnu. Einnig má skoða það að lækka aldurinn niður í sjö ára, en þau hafa þurft að vera átta ára. Það mætti skoða það að prufa að vera með nýjar tegundir að grænmeti að næsta ári. Til dæmis mætti prufa nýjar kryddjurtir.

## Leikjanámskeið

Leikjanámskeið voru starfrækt í 7 grunnskólum bæjarins. Námskeiðin voru í sumar mönnum að einhverju leiti með starfsfólki frístundaheimila og svo með starfsfólki úr vinnuskólanum.

Mikil áhersla er lögð á útveru og hreyfingu, og er sérstaklega lagt upp með að kenna gömlu góðu leikina. Það heyrir undir algjöra undantekningu ef leikjanámskeiðin eru innandyra. Allt starfið miðast við að vera úti.

Námskeiðin byrja ávalt að krafti þar sem skráning er mest í byrjun sumars svo dregur töluvert úr aðra vikuna í júlí kemur en svo kemur alltaf smá fjöldi síðustu vikuna í júlí.

Dagskrá staðan er að einhverju leiti miðlæg en mest unnin af hverjum stað fyrir sig, mikið kapp var hjá starfsfólki að gera dagskrána eins góða og spennandi og mögulegt er. Ekki var hægt að fara í margar dagsferðir sem þurfti til rútur vegna fjármagns. Ferðir voru þá mest bara í nánasta umhverfi. Farið var í sund, Heiðmörk og tekinn strætó Nauthólsvík. Einnig voru fastir liðir t.d. Dorgveiðikeppnin, íþróttamót milli staða og fleira.

Í ágúst erum við svo með námskeið fyrir útskriftahópa leikskóla. Þetta starf hefur gengið vel til að brúa bilið eftir sumarfrí leikskólana og þangað til skóli hefst. Skráning var virkilega góð og var nánast fullt á öllum stöðum. Á námskeiðinu er lögð áhersla á að læra á nýjan stað. Farið er í heimsókn til skólastjórnenda og fengið að rölta um skólann, farið í gönguferðir um hverfið og margt fleira.



**Tafla 8 - Aðsókn á leikjanámskeið og gæsluvelli sumarið 2012**

Leikjanámskeið Hvaleyrarskóla voru samtals 121 barn skráð fyrir og eftir hádegi				
Leikjanámskeið Lækjaskóla voru samtals 231 barn skráð fyrir og eftir hádegi				
Leikjanámskeið Setbergsskóla voru samtals 242 börn skráð fyrir og eftir hádegi				
Leikjanámskeið Öldutúnsskóla voru samtals 143 börn skráð fyrir og eftir hádegi				
Leikjanámskeið Áslandsskóla voru samtals 145 börn skráð fyrir og eftir hádegi				
Leikjanámskeið Hraunvallaskóla voru samtals 275 börn skráð fyrir og eftir hádegi				
Leikjanámskeið Víðistaðaskóla voru samtals 280 börn skráð fyrir og eftir hádegi				
Á ágúst námskeiði voru 145 börn skráð fyrir og eftir hádegi				
Á 6 ára námskeiði fyrir hádegi voru 55 börn				
Á 6 ára námskeiði eftir hádegi voru 42 börn				
Á 6 ára námskeiði allan daginn voru 141 barn				
Í skólagörðum voru 128 börn skráð				
Í Tómskúlinn voru 238 börn skráð				
5 skipta klippikort á róló voru 139				
10 skipta klippikort á róló voru 96				

## Tómskúlinn

Tómskúlinn í sumar var haldin í Setrinu, rétt eins og síðasta sumar. Í ár var Tómskúlinn í boði fyrir alla krakka í Hafnarfirði fædda á árunum 1999-2002. Rétt eins og í fyrra var krökkum skipt í tvo hópa, en yngri krakkarnir (fæddir 2001-2002) voru fyrir hádegi milli 9 og 12 en eldri krakkarnir (fæddir 1999-2000) voru eftir hádegi milli 13 og 16.

Varðandi kostnaðinn, hækkaði hann um 200 kr. frá því í fyrra og var skráningargjaldið 4000 kr. Foreldrar tóku ágætlega í kostnaðinn, þrátt fyrir stighækkandi kostnað seinustu ár.

Í ár voru 218 krakkar skráðir hjá okkur, 56 fæddir '99-'00 og 162 fæddir '01-'02, þessar tölur eru birtar með fyrirvara þar sem fleiri gátu hafa skráð sig í gegnum íbúðargátt sem skiluðu sér svo ekki.

Eins og tölurnar gefa til kynna voru fleiri krakkar í yngri hópnum. Í þeim yngri var þó algjört samræmi á milli kynja 81 strákur var skráður og 81 stúlka. En af skráðum nemendum eftir hádegi voru strákarnir fleiri, 32 strákar en stúlkurnar voru 24.

Starfið var í 6 vikur rétt eins og í fyrra, hófst það 12. júní og lauk því 20. júlí. Í hverri viku voru alltaf 3 eða 4 námskeið í boði fyrir hvern hóp.

Starfsmenn Tómskúlnar leggja til fyrir næsta ár verði lög áhersla á að fá stærra rými fyrir Tómskúlinn þar sem algjört pláss leysi var í byrjun sumars, einhverjir urðu að borða nestið sitt á gólfunum og erfitt að koma öllum inn þegar stærstu námskeiðin voru.

## Til framtíðar

Úr hópnum 17 ára fengu aðeins 56 ungmenni af þeim 177 ungmönnum sem sóttu um atvinnu í fyrra hjá Hafnarfjarðarbæ. Börn eru skilgreind börn til 18 ára aldurs því má huga að því að finna leiðir til að koma til móts við þennan aldurshóp næsta sumar. Vinnumarkaðurinn ræður æ færri 17 ára vegna hertra reglna varðandi tryggingar og breyttrar vinnulöggjafar. Hugmyndir um aukningu starfa fyrir 17 ára má að mati undirritaðra ekki bitna mikið á sumarvinnu fyrir yngri en við höfum minnkað vinnutíma hvers aldurs umtalsvert síðustu ár. Íslenskir unglingar alast upp við að starfa að gefandi verkefnum á sumrin.

Við mælum með að sett verði fram reglur varðandi umsóknir næsta sumar vegna sumarvinnu fyrir 17 ára og eldri.

### Almennar vinnureglur við ráðningar sumarstarfsfólks hjá Hafnarfjarðarbæ

1. Öll sumarstörf hjá Hafnarfjarðarbæ verði auglýst laus til umsóknar og allar umsóknir fari í gegnum sama farveg. Hver umsækjandi sendir eina umsókn sem verður á vef Hafnarfjarðarbæjar og þjónustuveri en getur á umsókninni valið um fleiri en eitt starf
2. Sumarstörfin verði auglýst eigi síðar en xx. mars og tekið verði við umsóknum frá xx. mars til x. apríl.
3. Ekki verði tekið við neinum umsóknum eftir að umsóknarfresti lýkur.
4. Ráðningartími í flest störfin er x-y vikur fyrir 18 ára og eldri en um x vikur fyrir 17 ára.
5. Skilyrði til ráðningar er að eiga lögheimili í Hafnarfirði.
6. Þeir sem eru án sumarvinnu hafa forgang vegna ráðningar í sumarstörf
7. Horft verði til umsagnar (skv. matskerfi úr Vinnuskóla og / eða Garðyrkjustjóra) við val á starfsfólki, þar sem við á. Fulltrúar Vinnuskólans og Garðyrkjustjórans ráða sumarstarfsmenn og fulltrúar íþróttafélaga þá sem munu starfa þar.
8. Aldurstakmörk sem kynnt eru í upplýsingum um störf verði virt við ráðningar.
9. Stefnt er að því að öllum umsækjendum verði svarað með formlegum hætti í síðasta lagi í byrjun maí. Skrifstofa Vinnuskólans ber ábyrgð á því að svara umsækjendum.
10. Gætt verði jafnræðis við ráðningar sumarstarfsmanna, t.d. hvað varðar kyn.

Aðalaðsóknartími á leikjanámskeið er í júní og svo aftur í ágúst áður en skóli byrjar. Margir aðilar í Hafnarfirði standa að námskeiðum fyrir börn á aldrinum 6-10 ára og yfir mitt sumarið er offramboð.

Starfsmenn frístundaheimila starfa á þessum námskeiðum á sumrin og hefur verið erfitt að manna námskeið í ágúst vegna sumarorlofa. Vinnutillaga ÍTH starfsmanna er að minnka umtalsvert framboð á leikjanámskeiðum í júlí en í dag erum við með námskeið í hverju skólahverfi allt sumarið. Við myndum fækka þeim umtalsvert eða um helming hið minnsta og gera júlí að sumarfrístímabili starfsmanna frístundaheimila en þeir manna að hluta til umrædd námskeið. Markmið okkar er að geta heilsársráðið starfsmenn og skapa festu í kringum fagið en hingað til hafa hvorki stjórnendur né starfsmenn skipulagt sumarið í þessum dúr.

Samning um sumarvinnuafli til íþróttafélaga þarf að gera. Íþróttafélög hafa fengið sumarstarfsmenn frá Vinnuskóla. Hér má sjá hvernig félögin hafa fengið starfsmenn en auk þessa fá félögin talsvert af yngra starfsfólki 14-16 ára og léttir það á Vinnuskólanum.

Félag	tímafjöldi flokkstjóra	tímafjöldi 17-20 ára	Tillaga
Sörli	264	648	1 flokkstjóri og 3 leiðbeinendur
Sundfélag Hafnarfjarðar	264	648	1 flokkstjóri og 3 leiðbeinendur
Skátafélagið Hraunbúar	528	1296	2 flokkstjórar og 6 leiðbeinendur
Fimleikafélag Hfj.	1848	3240	7 flokkstjórar og 15 leiðbeinendur
Fimleikafélagið Björk	264	648	1 flokkstjóri og 3 leiðbeinendur
Þytur	264	648	1 flokkstjóri og 3 leiðbeinendur
Golfklúbburinn Keilir	528	1080	2 flokkstjórar og 5 leiðbeinendur
Haukar	1848	3240	7 flokkstjórar og 15 leiðbeinendur
Golfklúbburinn Setberg		432	

Gera þarf gegnsæjan samning um þessi mál eða bæta inn í samning við félögin til að tryggja jafnræði og eyða tortryggni. Einnig þyrfti að auka skilning okkar og þeirra sem stýra íþróttafélagunum á vinnurétti gagnvart þessum starfsmönnum. Hafnarfjörður greiðir laun en íþróttafélag fær húsbóndavald og óljóst er í hugum okkar hvað starfsmennirnir vinna við og hvort þeir fái fræðslu við hæfi s.s. skyndihjálpi.

Vinnuskólinn ræður x marga í vinnu yfir sumarið og Garðyrkjustjóri y marga. Verkefni Garðyrkjustjórans og Vinnuskólans eru samofin allt sumarið. Garðyrkjustjórinn undirbýr stóran hluta allra verkefna sem starfsmenn Vinnuskólans sinna. Verkefnaval hver sumars er undirbúið saman af báðum aðilum. Starfsmenn Garðyrkjustjórans vinna fyrri hluta verkefna og starfsmenn Vinnuskólans taka við og klára og svo öfugt. Eitt árið ræður Garðyrkjustjóri 5 starfsmönnum fleiri en áður en Vinnuskóla 8 starfsmönnum færri og því fer Garðyrkjustjóri framúr fjárhagsáætlun en Vinnuskóli skilar afgangi. Starfsmenn sinna svipuðum verkefnum á sömu kjörum hjá sama stéttarfélagi. Milli þessara stofnana á sumrin eru órjúfanlega tengsl. Þess vegna væri æskilegt að það fjármagn sem Garðyrkjustjóri hefur til sumarstarfa eða um 30 milljónir séu í sama potti og Vinnuskólinn hefur. Ef ráðningaferli verður sameinað og verkefni eru áfram svo nátengd væri æskilegt að þessir bókhaldslyklar yrðu sameinaðir.

Eitt af mörgum verkefnum sumarstarfs sem lögð voru niður í kjölfar hagræðingar var jafningjafræðslan Competó. Þar unnu ungmenni okkar við að kynna ákveðnum viðfangsefnum sem skipta máli hverju sinni s.s. fordómum, einelti eða kynþáttamisrétti og búa til fræðsluefni og kynna það fyrir nemendum í Vinnuskólanum. Mikill áhugi er að endurvekja þetta verkefni.

Hafnarfirði 18. október 2013.

*Axel Guðmundsson staðgengill skólastjóra Vinnuskólans*

*Geir Bjarnason forvarnafulltrúi*

*Ragna Rut Magnúsdóttir rekstrarfulltrúi ÍTH og sumarstarfs Vinnuskólans*